

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 41/2000 um áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar má áfrýja ákvörðunum Einkaleyfa-
stofunnar samkvæmt eftirtöldum lögum eins og þeim hefur verið breytt:

1. lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi;
2. lögum nr. 45/1997 um vörumerki;
3. lögum nr. 48/1993 um hönnunarvernd;
4. lögum nr. 155/2002 um félagamerki og
5. öðrum lögum um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar sé heimild til slíks að finna í þeim lögum.

2. gr.

Í stað orðanna „í fjórriti“ í 3. gr. reglugerðarinnar kemur: í fimmmriti.

3. gr.

Í 4. gr. reglugerðarinnar bætist við nýr tölul., 4. tölul., sem orðast svo: varnaraðila og heimilisfang hans ef unnt er.

4. gr.

20. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Reglugerð þessi er sett með stoð í 69. gr., sbr. 7., 24., 25., 41., 67. og 68. gr., laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, 65. gr., sbr. 61. og 63. gr., laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum, 53. gr., sbr. 35., 36. og 59. gr., laga nr. 46/2001 um hönnun og 9. gr., sbr. 8. gr., laga nr. 155/2002 um félagamerki.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. febrúar 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.